

Náttúrustofa Suðurlands. Fundargerð 8.nóvember 2012

Fundur í stjórn Náttúrustofu Suðurlands, 8.nóvember 2012 kl. 16:15.

Mættir: Rut Haraldsdóttir og Ingvar A. Sigurðsson.

1. mál: Fjárhagsstaða Náttúrustofu Suðurlands.

Stjórn NS lýsir yfir áhyggjum vegna fjárhagsstöðu stofunnar. Ljóst er að tekjur/styrkir koma ekki til með að dekkja rekstur og útgjöld stofunnar, þannig að enn eykst skuld NS við Vestmannaeyjabæ sem stóð í 3.264.441 kr um síðustu áramót.

2. mál: Rekstraráætlun 2013.

Farið yfir fyrirliggjandi rekstraráætlun NS vegna ársins 2013. Fram kemur að tekjur stofunnar á næsta ári verða kr 19.910.000, launakostnaður er áætlaður kr 18.755.000 svo ljóst er að lítið fjármagn er eftir til reksturs stofunnar ef ekki koma til meiri tekjur. Stjórnin hvetur starfsmenn til að skoða alla möguleika á styrkjum og aukin verkefni sem greitt er sérstaklega fyrir til að bæta rekstrarstöðuna fyrir árið 2013, að öðrum kosti liggur fyrir að endurskipuleggja þarf rekstur stofunnar í heild sinni.

3. mál: Annað.

Stjórn samþykkir að senda bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og óska eftir fundi með fulltrúum þess til að ræða möguleika til fjármögnunar á fastri rannsóknastöðu við NS til vöktunar á sjófuglastofnum.

Fundi slitið kl. 16:45

Rut Haraldsdóttir

Ingvar A. Sigurðsson